



Kópavogi 12. mars 2026
25021783/adk

Umsögn um fyrirspurn varabæjarfulltrúa Hákonar Gunnarssonar um lýsingu.

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 16. febrúar 2026 var lögð fram fyrirspurn varabæjarfulltrúa Hákonar Gunnarssonar dags. 9. febrúar 2026 til umhverfissviðs Kópavogsbæjar um lýsingu á auglýsingaskiltum í strætóskýlum í Kópavogi. Skipulags- og umhverfisráð vísaði fyrirspurninni til umsagnar umhverfissviðs.

Í fyrirspurninni kemur fram að gerðar hafi verið athugasemdir við uppsetningu á auglýsingaskiltum í strætóskýlum, til dæmis á Dalvegi, Kársnesbraut og Nýbýlavegi. Í þeim athugasemdum sé talið að styrkur lýsingar trufli athygli ökumanna og dragi úr umferðaröryggi. Í fyrirspurninni er einnig óskað eftir kynningu á gildandi reglum um uppsetningu auglýsingaskilta í strætóskýlum í Kópavogi. Þá var óskað eftir upplýsingum um heimilan hámarksstyrk lýsinga á auglýsingaskiltum í strætóskýlum, hvort aðrar reglur gildi um lýsingu nálægt staðsetningu gangbrauta og hvort þær sömu reglur gildi fyrir höfuðborgarsvæðið allt.

Umsögn umhverfissviðs

Umhverfissviði hefur borist ein athugasemd varðandi lýsingu í strætóskýli og var brugðist við henni með lækkun birtustigs samdægurs. Aðrar athugasemdir við lýsingu í strætóskýlum hafa ekki borist, hvorki sem formleg erindi í skjalakerfi né í ábendingarkerfi bæjarins. Ef upp koma tilfelli þar sem þar sem talið er að lýsing sé of sterk þannig að ónæði hlýst af eða umferðaröryggi er ógnað er óskað eftir því að Kópavogsbæ sé gert viðvart í gegnum ábendingakerfið svo unnt sé að bregðast við. Verður þá haft samband við rekstraraðila skýlanna sem stýrir birtustiginu. Samskonar lýsing er í strætóskýlum í Kópavogi og annarsstaðar á höfuðborgarsvæðinu en gera má ráð fyrir tímabundum frávikum við nýuppsett strætóskýli. Umhverfissvið óskað eftir nánari upplýsingum um hvaða strætóskýli ræðir sem gerðar hafi verið athugasemdir við, sbr. fyrirspurn.

Ekki eru í gildi reglur um hámarksstyrk lýsingar í strætóskýlum en til eru staðlar um ljóslýsingu á götum. Ekki eru heldur í gildi reglur um lýsingu á gangbrautum en í leiðbeiningum er mælt til að við gangbrautir sé annar ljóslitur og annað birtustig en annarsstaðar. Þá eiga þær reglur sem í gildi eru um lýsingu á götum við um landið allt þ.m.t. Kópavog og höfuðborgarsvæðið.

—

F.h. umhverfissviðs

Auður D. Kristinsdóttir
skipulagsfulltrúi

